

Deiliskipulag Skólatröð 2a - umferð

Dreifing

Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi
Bergljót S. Einarsdóttir, verkefnastjóriKópavogsbær
Umhverfissvið | skipulagsdeild

Útgefið 18. október 2022

Uppfært 1. febrúar 2023

Verknr. 22543

Höfundur

OG

Yfirfarið/Samþykkt

SÓ

Tílefni

Deiliskipulag leikskólalóðar við Skólatröð

Umferðarmál

Umferð og aðkoma

Eldri leikskólabýgging hefur verið fjarlægð og til stendur að reisa nýjan þriggja deilda leikskóla í stað eldri tveggja deilda leikskóla. Unnið er að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina.

Í greinargerð deiliskipulagstillögu ASK arkitekta, (Deiliskipulagsuppráttur, Skólatröð 2a) dags. 13.12.2022 segir um umferð:

„Stærri leikskóla mun fylgja meiri umferð en var vegna gamla leikskólans. Aðalaðkoma að skólanum er annars vegar um gönguleið sem liggur milli Hávegjar og Vallartraðar og hins vegar sameiginlega aðkomu akandi að leikskólanum og að baklóð Kópavogsskóla. Bílastæði eru áfram sameiginleg með Kópavogsskóla eins og verið hefur og eru engar breytingar áætlaðar utan lóðar leikskólans vegna stækkunar leikskólans.

Þjónustustígur sem liggur að húsinu verður undirbyggður til að þola akstur stærri bíla til að tryggja aðkomu slökkviliðs vegna öryggis. Ekki er gert ráð fyrir akstri vegna daglegrar vörumóttöku um þennan stíg en í undantekningum er mögulegt að nýta þjónustustíg t.d. vegna viðhalds.“

Í deiliskipulagslýsingu Leikskóla við Skólatröð (lögð fram í september 2022) segir m.a.:

„Aukin uppbygging í miðbæ Kópavogs og Traðarreitar eystri kallar á aukna samfélagslega innviði. Með deiliskipulagi þessu er verið að mæta aukinni þörf íbúa á leikskólaláttum í Kópavogi. Deiliskipulagslýsing þessi er unnin skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.“

Ljóst er að breytingar á leikskólalóðinni eru tilkomnar bæði vegna eðlilegrar endurnýjunar félagslegra innviða bæjarins og til að koma til móts við fyrirséða íbúafjölgun á nálægum reitum. Eins og segir í skipulagstillögu mun stærri leikskóla fylgja meiri umferð. Vegna legu leikskólalóðar í námunda við nýja byggð má gera ráð fyrir að mesta aukningin verði í formi gangandi og e.t.v. hjólandi umferðar. Nábylið við nýja íbúa er slíkt að nærtækast verður fyrir flesta nemendur og foreldra að nálgast lóðina gangandi. Leikskólalóðin liggur beint í framhaldi af fyrirhuguðum „mannlífsás“ um Traðarreit vestari og tengir hann þannig við Traðarreit austari (sbr. Deiliskipulag miðbæjar Kópavogs). Eins mun leiksvæði skólans nýtast nærliggjandi byggð utan opnunartíma.

Það er mat umferðarráðgjafa að lóðin sé vel til þess fallin að þjónusta nálæga byggð, lega hennar milli fyrirhugaðra uppbyggingarsvæða hvetur til virkra ferðamáta, enda vegalengdir stuttar og aðkoma að henni um göngustíga bæði örugg og góð. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að bílastæði verði áfram samnýtt með Kópavogsskóla eins og verið hefur. Nákvæmt framtíðar fyrirkomulag þeirra stæða yrði því ákvarðað í deiliskipulagi grunnskólalóðarinnar.

Eins og mynd að neðan sýnir er aðkoma að lóðinni góð frá þeirri nálægu byggð sem stækkuninni er helst ætlað að þjóna. 200m vegalend verður líklega nærtækara fyrir flesta að ganga en að aka. Styrkir það um leið mannlífsás sem tengir íbúðabyggð við skólalóðir og opinbera þjónustu á hálsinum miðjum. Almennt er deiliskipulagið talið hafa jákvæð áhrif á umferð, stuðla að vistvænum samgöngum og í samræmi við stefnu bæjarins um sjálfbæra þróun.



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026